



Fjölbrotaskóli  
Suðurlands  
Haustönn 2018

## ENSK2HB05 Hagnýt enska

<b>Kennarar:</b>	<b>Helgi Þorvaldsson, Paola Daziani</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>HP</b>
	<b>Ægir Pétur Ellertsson</b>	<b>PD</b>	<b>ÆE</b>

### Áfangalýsing:

Nemendur eru þjálfaðir í undirstöðuatriðum enskrar málnotkunar. Áhersla er lögð á að nemendur lesi fjölbreytilega texta. Áhersla er á markvissar hlustunaræfingar og æfingar í ensku talmáli, m.a. í tengslum við lestrar- og hlustunarefni. Áhersla er lögð á að byggja upp hagnýtan og virkan orðaforða. Skriflegi þátturinn er þjálfaður með fjölbreyttum æfingum í takt við skilgreinda færni og málnotkunatriði sem stefnt er að í áfanganum. Eins verður nemendum kynnt hagnýt notkun orðabóka.

**Undanfari:** Einkunnin B upp úr grunnskóla / 1. þrep staðið

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða; notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega; helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að skilja talað mál við mismunandi aðstæður; lesa margs konar tegundir texta; taka þátt í einföldum samskiptum á viðeigandi hátt; tjá sig um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið; skrifa margs konar texta, formlega og óformlega.

### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að skilja daglegt mál; tileinka sér efni ritaðs texta; tjá sig á skiljanlegan hátt og beita tungumálinu; skrifa læsilega texta um margs konar efni og einnig frá eigin brjósti.

### Námsefni:

**Headway Upper-Intermediate Fourth Edition** (Student's book )

**Smásögur í Innu**

**Buddy** Nigel Hinton

**Ensk – íslensk skólaorðabók eða sambærileg góð ensk/ensk orðabók**

### Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur fylgist með nánari kennsluáætlun og tilkynningum í Innu. Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf/verkefni sem ekki er tekið/skilað nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. Tveir tímar í lok annar verða notaðir í sjúkrapróf þar sem nemendur með lögleg forföll geta lokið prófum af önninni. **Þetta gildir um alla nemendur áfangans.** Nemendur fæddir 1998 eða fyrr þurfa í byrjun annar að undirrita samning um nám og mætingu á önninni. Nemendur sem fá 8,00 í annareinkunn þurfa ekki að taka lokapróf

Gerð er sú krafa að nemendur mæti með þau námsgögn og tæki sem nota á í tímanum. Ef svo er ekki verður nemenda vísað úr tíma og hann fær fjarvist fyrir tímann. Einnig fá fjarvist nemendur sem mæta 15 mínútum eftir upphaf tímans eða seinna.

#### Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Headway	4-5 próf úr köflum sem farið verður yfir á önninni.	15%
Smásögur	Skrifleg próf / verkefni úr 5 smásögum	10%
Munnlegt verkefni	Munnlegt próf	10%
Buddy	Skriflegt próf	10%
Ritun	Ritunarverkefni	5%
Lokapróf í des	Skriflegt próf	50%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 16.ágúst 2018

Helgi Þorvaldsson, Paola Daziani og Ægir Pétur Ellertsson

kennarar

Guðfinna Gunnarsdóttir

kennslustjóri